

**Ræða Höllu Tómasdóttur
Forseta Íslands
Á fundi alþjóðaleiðtoga um konur
Peking
13. október 2025**

Virðulegi forseti Xi Jinping,
Tignarfólk og virðulegir fulltrúar,
vinir og talsmenn víðs vegar að úr heiminum:

Það er mér mikill heiður að ávarpa þennan mikilvæga fund í Peking – borg sem fyrir þrjátíu árum varð vettvangur tímamóta í réttindum kvenna. Árið 1995 komu fulltrúar frá 189 löndum saman með djörfung í hug til að efla jafnrétti kynjanna. Niðurstaðan, *Pekingyfirlýsingin og aðgerðaáætlunin*, er ein framsæknasta og umbreytandi rammaáætlun sem alþjóðasamfélagið hefur nokkurn tíma tekið upp í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna. Hún markaði tímamót í skilningi okkar á því að valdefling kvenna er nauðsynleg fyrir heilsu, frið og sjálfbærni allra samfélaga.

Í ár eru einnig 15 ár liðin frá stofnun UN Women og 25 ár liðin frá ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi – sem er viðurkenning á því að friður er varanlegri þegar konur móta hann.

Árið 2025 hefur einnig mikla þýðingu fyrir Ísland. Það hefur verið tilnefnt sem ár kvenna – þjóðhátíð í tilefni 50 ára afmælis frídags kvenna árið 1975, þegar yfir 90% íslenskra kvenna streymdu út á götur og sýndu fram á ómissandi gildi framlags síns til samfélagsins. Þetta friðsamlega verkfall sem átti sér stað 24. október stöðvaði samfélag okkar – og breytti stefnu þjóðarinnar.

Það breytti einnig lífi mínu. Ég var sjö ára gömul. Þetta var afmælisdagur móður minnar, og það undarlega var, að hún og systur hennar voru ekki að baka, þrifa eða bera fram á borð. Ég spurði hvers vegna. Svar þeirra var einfalt: „Við viljum sýna að við skiptum máli.“ Sú stund sáði fræi. Ég vildi líka skipta máli. Og ég öðlaðist skilning á grundvallarsannleika um mannkynið: Öll viljum við sjást, vera metin að verðleikum og að hlustað sé á okkur.

Fimm árum síðar varð forveri minn, Vigdís Finnbogadóttir, fyrsti lýðræðislega kjörni kvenforseti heims. Forysta hennar var ekki aðeins hvatning til pólitískra breytinga, heldur breytingar á öllu samfélagslegu landslagi okkar. Árið 1995 sótti hún heimsráðstefnu um konur hérna í Peking. Á þeim tíma var ég nýútskrifuð úr háskóla og ég man vel eftir þeim mikla mætti og þeirri von sem geislaði frá þessari stórborg. Leyfið mér að vitna í orð Vigdísar forseta frá þeim tíma – orð sem eru jafn sönn í dag og þau voru fyrir þrjátíu árum:

„Við erum komin til Peking til að efla málstað kvenna. En það sem er mikilvægara er að við erum komin hingað sem ábyrgir borgarar mannkyns og staðráðin í að skapa betri heim fyrir komandi kynslóðir.“

Pekingyfirlýsingin hefur hjálpað til við að móta framfarir í löggjöf, menntun, heilbrigðismálum og fulltrúastarfi. En í dag stöndum við frammi fyrir alvarlegu bakslagi. Réttindi sem áður töldust vera örugg mæta áskorunum - jafnvel er grafið undan þeim - víða um heim.

Framfarir eru ekki tryggðar. Fundur okkar í dag er því ekki aðeins til upprifjunar - hann er áriðandi. Við verðum að endurskoða, styrkja að nýju og endurnýja framtíðarsýn Peking-áætlunarinnar. Næstu fimm árin verða afgerandi í því að ná markmiðum áætlunarinnar um sjálfbæra þróun til ársins 2030. Að mínu mati gæti fimmta markmið Sameinuðu þjóðanna, „Að ná jafnrétti kynjanna og styrkja allar konur og stúlkur“ vel verið lykillinn til að ná öllum hinum markmiðunum.

Ég segi það hreint út: Jafnrétti kynjanna er ekki „málefni kvenna.“ Það eru grundvallarmannréttindi og stefnumótandi skylda. Það knýr áfram sameiginlega velmegun, styrkir lýðræði, eflir nýsköpun og eykur frið og vellíðan. Á Íslandi erum við lifandi sönnun þess. Á síðustu áratugum höfum við innleitt almenna barnavernd, sameiginlegt foreldraorlof, kynjaða fjárlagagerð, jafnlaunavottun og kynjakvóta - stefnur sem eru ekki fullkomnar, en öflugar. Þær virka.

Á síðasta ári varð Ísland fyrsta landið til að gefa út kynbundin ríkisskuldabréf, sem beina fjármagni í verkefni sem styrkja konur. Þetta eru ekki aðeins fjárhagslegar nýjungar - þetta eru teikningar að þróttmiklum, framtíðarhæfum samfélögum.

Jafnrétti snýst ekki bara um *hverjir* hafa völdin, heldur *hvernig völdunum* er deilt og þau notuð. Þegar konur dafna, þá dafna þjóðir. Jafnvel á Íslandi – sem er leiðandi landi í heiminum í jafnrétti kynjanna og réttindum samkynhneigðra – er verkinu ekki lokið. Stefnumótun ein og sér er ekki nóg. Menningarlegar breytingar eru mikilvægar. Við þurfum fleiri karla og drengi sem virka þátttakendur, sem draga skaðleg viðmið í efa, deila ábyrgðinni og tileinka sér leiðsögn fyrir inngildingu.

Hvergi er þetta mikilvægara en í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi – bæði utan nets og á netinu. Ísland hefur samþykkt ný lög til að takast á við stafræna árásargirni, en við vitum að lög ein og sér duga ekki til. Einnig verður að hvetja til breytinga með fræðslu, vitundarvakningu og daglegri iðkun í virðingu og samúð.

Umfram allt eru framfarir háðar samræðum, þvert á kyn, kynslóðir og landamæri. Samræður byggja upp skilning, vinna gegn sundrung og gera sameiginlegar lausnir mögulegar á flóknum áskorunum.

Við skulum því sækja styrk í arfleifð Peking-áætlunarinnar — ekki sem liðna sögu, heldur sem verkefni. Við skulum bregðast við — ekki einhvern tímann, heldur núna — fyrir stúlkurnar sem fylgja okkur. Þær eiga ekki skilið ókláruð loforð heldur uppfyllt réttindi og raunveruleg tækifæri. Og heimurinn þarfnast sárlega kvenkrafts þeirra!

Virðulegi forseti Xi:

Þakka þér fyrir að boða til þessarar ráðstefnu á svo afgerandi tímamótum. Árangur Kína í að lyfta milljónum manna úr fátækt og efla jafnrétti kynjanna og græna orku eru áminning um að breytingar eru mögulegar.

Við skulum halda þeim lærdómi áfram. Í heimi sem einkennist af óvissu, átökum og hraðari loftslagsbreytingum er kynjajafnvægi ekki munaður – heldur nauðsynlegt. Það er grundvöllur friðar, drifkraftur nýsköpunar og lykillinn að lífvænlegum heimi.

Formaður Mao Zedong sagði einu sinni: „Konur halda uppi hálfum himninum.“ Í dag verðum við að fara lengra og bæta við: Í heimi sem er úr jafnvægi hafa konur styrk til aðhlynningar, visku til leiðbeiningar og hugrekki til að hjálpa til við að leiða þá umbreytingu sem við þurfum.

Heiðrum framtíðarsýn Peking-áætlunarinnar, ekki með orðum einum, heldur í verki. Ekki einhvern tímann, heldur núna.